

4. stjórnarfundur EBAK, 21. ágúst 2019 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Garðar Lárusson, Nanna Þórsdóttir og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Egill Jónsson, Sigurður Harðarson

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl. 13.
2. **Fundargerð til afgreiðslu:**
 3. Stjórnarfundur 5. júní 2019. Samþykkt samhljóða.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Haukur var í viðveru 5. júní. Enginn mætti.
4. **Viðvera á skrifstofu:**

11. sept. Garðar; 18. sept. Birgir; 25. sept. Dóra.
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 25. september nk. kl. 13.00-15.00 var samþykkt, en vitað er um nokkur forföll á þeim degi, því stjórnarfolk er mikið á faraldsfæti.
6. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
 - a) Starfið í Bugðusíðu í sumar. Judil og Sísí hafa aðstoðað starfsstúlkurnar. Grétar G. Ingvarsson hefur skráð þátttökuna í félagsmiðstöðinni í sumar: Júní 831, júlí 842, 1.-13. ágúst 272.
 - b) Gönguklúbbur. Hefur gengið vel. Flestir hafa verið 35 í sumar, en oftast hafa verið á milli 17 og 25. 11 mættu síðasta fimmtudag í leiðindaveðri.
 - c) Göngunefnd. Göngurnar í Kjarnaskógi hafa gengið vel.
 - d) Búfesti. Dreift var minnispunktum frá fundi 8. júlí og bréfi sem sent var til Búfestis 10. júlí, þar komu fram óskir um aðstöðu.
 - e) Garðar Lárusson hefur tekið við sem talsmaður netmiðlanefndar.
7. **Námskeiðahald á haustönn:**
 - a) Tölvunámskeið. Kynna þarf verkefnið betur. Garðari og Sigurði falið að annast málið.
 - b) Matreiðslunámskeið. Garðar er með málið í skoðun.
 - c) Skriðsundsnámskeið. Halldór Gunnarsson hefur tekið líklega í að leiðbeina þar. Hann óskar eftir að kanna málið betur með framkvæmdaráði. Kanna þarf með lausa tíma í Glerárlaug. Dóra ætlar að hafa samband við Halldór. Hann verður fjarverandi 2.-12. okt.
 - d) Dansklúbbur og dansnámskeið. Halda þarf fund seinni hluta september um næstu skref. Halldór, Dóra og Hallgrímur sjá um að koma starfseminni af stað.
8. **Starfið í Bugðusíðu í vetur.** Undirbúningur er í gangi. Margrét og Hallgrímur mæta á fund með Bergljótu Jónasdóttur og Kristni Reimarssyni þriðjudaginn 27. ágúst kl. 10. Fræðslunefnd er langt komin með undirbúning námskeiða á þeirra vegum.
9. **Undirbúningur fundar stjórnar með nefnda(for)mönnum, miðvikudaginn 25. september kl. 10.00.** Hallgrímur rakti drög að dagskrá fundarins og fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að formenn og talsmenn nefnda og ráða mæti. Gefinn verður kostur á að tvær mæti frá hverri nefnd. Gert er ráð fyrir að starfsstúlka eða starfsstúlkur í Bugðusíðu mæti og einnig forstöðumaður tólmstundamála hjá Akureyrarbæ eða fulltrúi hennar.
10. **Félagsskírteini og innheimta árgjalda.** Dóra og Garðar ætla að ræða fyrirkomulag á útgáfu nýrra skírteina, meðal annars gildistíma. Gildistími núverandi skírteina er til næstu áramóta.

Skírteinin verða ekki endurnýjuð hjá þeim sem ekki hafa greitt árgjaldið. 145 hafa gengið í félagið það sem af er árinu. Breyta þarf spurningu á inntökubeiðni um hvort ný félagi vilji starfa fyrir félagið eða ekki. Flestir vilja kynnast félaginu betur áður en þeir svara þeirri spurningu. Nær væri að spyrja hvar áhuginn liggi. Dóra lagði til að félagar sem eru 90 ára og eldri þurfi ekki að greiða árgjald. Tryggja þarf að ekki þurfi að greiða af þeim sem eru gjaldfrjálsir hjá félaginu til LEB. Rúmur helmingur félagsmanna er með heimabanka og er nauðsynlegt að það hlutfalli hækki.

11. Heilaheill – Alzheimersamtökin, styrkbeiðni. Óskað er eftir 50.000 styrk. Gefnar eru út söngbækur og verða þær ekki seldar. Fáum 100 bækur gegn styrkveitingu. Samþykkt samhljóða.

12. Lýsa – Rokkhátíð fólksins 6.-7. sept. Þriðja skiptið sem hátíðin er haldin á Akureyri. Hátíðin er öllum opin. LEB verður þar með atriði.

13. Önnur mál:

a) Haukur minnst á að endurskoða þyrfti samninginn við Akureyrarbæ. Haukur og Dóra taka að sér að endurskoða fjárhagsliðinn, seinni hluta septembermánaðar.

b) Boðið verður upp á siglingu með Húna II á morgun, kl. 10. Þetta er hluti af samningi Húna og Akureyrarbæjar. Haukur verður leiðsögumaður. Því miður rekst þetta á göngu gönguklúbbsins.

c) Torfhildur benti á að við ættum að fá 15% afslátt hjá Axels bakaríi, en hún hefði bara fengið 10%, sumir hafa engan afslátt fengið. Garðar kannar málið.

14. Formaður sleit fundi kl. 14.55.